

Fundur stjórnar FRÍ, haldinn á ZOOM þann 21.2.2023

Mættir úr stjórn og varastjórn: Freyr Ólafsson (FÓ), Aðalbjörg Hafsteinsdóttir (AH), Auður Árnadóttir (AÁ), Hjördís Ólafsdóttir (HÓ), Rannveig Oddsdóttir (RO) og Haukur Björnsson (HB, ritaði fundargerð)

Einnig mætt: Guðmundur Karlsson (GK) og Íris Berg Bryde (ÍBB)

Fundur settur kl. 16.35

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi

Samþykkt fundargerða frestað til næsta fundar. Engin rafræn erindi frá síðasta stjórnarfundi.

2. Formannafundur að vori

Lagt til að formannafundur FRÍ að vori verði haldinn á Zoom þann 30. mars nk. ÍBB falið að boða fundinn.

3. Reglugerðir FRÍ

Drög að reglugerðarbreytingum lögð fram. Stjórn samþykkir drögin og felur laganefnd FRÍ að fara yfir drögin út frá lagalegum forsendum.

4. Hlaupamálefni

- Minnisblað langhlaupaneftdar lagt fram en í því fer nefndin fram á það að úrslit nokkurra götuhlaupa verði fjarlægð úr afrekaskrá þar sem þau voru ekki framkvæmd samkvæmt reglugerðum FRÍ og ekki haldin í samvinnu við FRÍ. Stjórn samþykkir tillöguna með þeim fyrirvara að fyrirliggjandi upplýsingar verði staðfestar hjá hlaupahöldurum.
- Minnisblaðið langhlaupaneftdar um landsliðsval vegna heimsmeistaramóts í utanvegahlaupum sem fram fer í Innsbruck-Stubai í Austurríki í júní 2023 lagt fram. Stjórn samþykkir tillögu langhlaupaneftdar. RO vék af fundi á meðan að umræða um þennan fundarlið fór fram.
- Umræða um tæknilausnir vegna afrekaskrár hlaupa.

5. Verkefni framundan og fjárhagsmál

- Afreksstjóri fór yfir stöðu skráninga á EM í Ístanbul í Tyrklandi sem fram fer í mars. Lagt til að Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir og Kolbeinn Höður Gunnarsson verði þátttakendur. Stjórn samþykkir valið. Þjónusta sjúkráþjálfara verður keypt á staðnum.
- Afreksstjóri fór yfir stöðu skráninga á European Throwing Cup í Leiria í Portúgal. Lagt til að FRÍ sendi fimm keppendur, auk fagteymis og fararstjóra. Stjórn samþykkir þessa nálgun.
- Rætt var um forsendur þátttöku FRÍ á European Youth Olympic Festival (EYOF), sem haldið verður í Maribor í Slóveníu. Gert er ráð fyrir fjórum keppendum. Áætlaður kostnaður við þátttöku er á bilinu 1,0 til 1,5 mkr. Í ljósi fjárhagsútlit gæti þurft að endurskoða þátttöku. Frekari umræðu frestað.

6. Fjármál og verkaskipting

Vegna persónulegra aðstæðna gjaldkera lagði formaður til að Kári Steinn Karlsson stígi tímabundið inn í verkefni gjaldkera FRÍ, en hann hefur sinnt því hlutverki áður. Tillagan samþykkt.

7. Þjóðarleikvangsmál

Formaður lagði fram tillögu að erindi stjórnar FRÍ til borgarráðs vegna þjóðarleikvangs. Stjórn samþykkir tillöguna.

8. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning vegna NM Masters sem haldið verður um næstu helgi. Þátttaka er meiri og undirbúningur umfangsmeiri en gert var ráð fyrir. Biðlar til hreyfingar að taka þátt í framkvæmdinni.
- Framkvæmdastjóri fór yfir umræður á norrænum fundi framkvæmdastjóra frjálsíþróttasambanda. Rekstur er þungur hjá öllum samböndum. Mikið er rætt um sjálfbærni í starfi og keppnishaldi. Þar liggja ákveðin tækifæri, m.a. í tekjuöflun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.55.

Fylgiskjöl:

- *Tillaga að erindi til borgarráðs*
- *Minnisblað langhlaupanefndar vegna hlaupa sem uppfylla ekki reglugerð*
- *Tillaga langhlaupanefndar um landsliðsval vegna HM í utanvegahlaupum 2023*